

Stjórn nemendafélags Árskóla, fundur 14. desember 2020

Mætt: Hlynur Sævar Franzson og Sýlvía Rós Rögnvaldsdóttir úr 9. bekk, Sigríður H. Stefánsdóttir úr 8. bekk, Hilmar Örn Hreiðarsson og Katla Guðný Magnúsdóttir úr 7. bekk og Kristbjörg Kemp, deildarstjóri unglíngastígs, sem stjórnaði fundi og skrifaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- Farið yfir þær hugmyndir sem nemendur á Þekju hafa nú þegar sett í hugmyndakassann á Þekju.
- Félags- og fjáröflunarstarf.
- Skólaferðalög.
- Önnur mál.

Fundur þessi var haldinn á Google Meet vegna samkomutakmarkana og sóttvarnareglna. Deildarstjóri hóf fund á því að fara yfir fundarreglur. Fundarmenn létu vita af nærveru sinni í mynd og farið var yfir að fundarstjóri væri með kveikt á sínum hljóðnema nema þegar fundarmenn vildu fá orðið. Þeir voru allir með á nótunum og þekktu fyrirkomulagið ágætlega.

Þar sem hvorugur fulltrúa úr 10. bekk var á þessum fundi féll fyrsti liðurinn niður. Formenn 10. bekinga höfðu fengið það hlutverk að kynna hugmyndir nemenda.

Farið var yfir það sem þegar hefur verið gert varðandi félags- og fjáröflunarstörf. 7. bekingar gátu haldið sína árs hátíð í lok október. Sökum heimsfaraldursins var ekki hægt að selja aðgang að sýningunum. 7. bekingar hafa ekki verið með aðra fjáröflun, kökubasar þeirra hefur til að mynda ekki verið á dagskrá. Árs hátíð unglíngastígs, sem vera átti þann 1. og 2. desember var frestað. Ný dagsetning hefur ekki verið fundin. Kristbjörg sagði frá því að til stæði að sýna leikverk FNV í Bifröst þann 18. febrúar og finna yrði nýja dagsetningu með það í huga. Frumsýning á leikriti 10. bekinga er dagsett 2. mars og verður tíminn að leiða í ljós hvort af henni verður á þeim tíma.

Rætt var um skólaferðalög vorsins 2020 sem féllu niður fyrir þennan aldurshóp. Fulltrúi 8. bekinga spurði hvort ekki yrði stefnt að því að fara ferðina sem átti að fara í vor, þ.e. þriggja daga ferð um Suðurland. Deildarstjóri taldi víst að ef til ferðalaga kæmi þá yrðu þær ferðir farnar sem féllu niður í vor.

Undir liðnum önnur mál var rætt um nauðsyn þess að kveikjarar/slökkvarar á salernum á Þekju yrðu yfirfarnir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið,
Kristbjörg